

Alheimsráðstefna Special Olympics

Marrakech 6. – 10. júní 2010


Alheimsráðstefna þessi var haldin í Marrakech í Marokkó. Sérstakur verndari ráðstefunnar var Mohammed VI konungur Marokkó, auk þess veitti Lalla Amina prinsessa Marokkó ráðstefnunni mikinn stuðning. Ráðstefnuna sóttu um 600 einstaklingar frá 174 félögum (programs) og 139 löndum. Auk þess tóku þátt yfir 100 hundrað keppendur Special Olympics (SO) ráðstefnuna, sem haldin var í Palais des Congress ráðstefnuhöllinni.

Ráðstefnan var að mestu helguð stefnumótun SO 2011 – 2015.



6. júní fór að mestu í ferðarlög hjá þátttakendum – flestir komu flugleiðina en við Evrópubúar komum með lest konungsins frá Casablanca þar sem áður var haldin Evrópuráðstefna SOEE.

Þann 7. júní var svo ráðstefnan sett af Timothy P. Shriver syni Eunice Kennedy Shriver. Stiklaði hann á stóru um aðdraganda að stofun SO og minntist móður



sinnar sem lést í ágúst sl. Einnig minntist hann allra þeirra sem komu að stofnun SO 1968 í Chicago og fyrstu leikunum SO 20. júlí það sama ár. Keppendur og aðstandendur leikanna létu það ekki á sig fá þó á leikvanginum væru 75.000 auð sæti. Allir sem að leikunum stóðu gerðu sér grein fyrir að ekki yrði aftur snúið. Einnig varð honum tíðrætt um hvað SO hefði vaxið að umfangi en í dag keppa yfir 3.5

milljónir undir merkjum SO og hvernig SO hefur blásið á úrtöluraddir eins og að Rómanska Ameríka væri of fátæk eða Kína og Indland of stórt og miklir erfiðleikar sem myndi hamla uppvexti SO á þessum stöðum, en staðreyndirnar sýna annað. Í máli hans kom fram að margir hafi haft á orði að SO séu í raun og veru leikja- eða tólmstundasamtök en ekki íþróttasamtök. SO blæs á þessar raddir og benda á að staðreyndirnar tali sínu máli og því til stuðnings vísaði hann til Alheimsleika SO í Dublin (2003) og Shanghai (2007), en þar hafi árangur í 130 greinum í sundi og frjálsum íþróttum sýnt að sigurvegarar leikanna hefðu ekki átt lakasta árangur á hinum „eiginlegu“ Ólympíuleikum. Að lokum lagði hann áherslu á hvernig samvinna allra sem að SO standa muni leiða hreyfinguna til frekari afreka í framtíðinni.

Því næst tók til máls Brady Lum forseti SOI. Hann helgaði meginhluta ræðu sinnar stefnumótuninni, sem unnið hefur verið að undangengin misseri og óskaði eftir uppbyggjandi gagnrýni og hugmyndum fundarmanna. Einnig sagði hann frá því að í SO hugsuðu menn stórt og ættu sér mikla og stóra drauma og

deildi hann nokkrum með ráðstefnugestum s.s. að árið 2015 myndi sjást í heimspressunni fréttir eins og:

Special Olympics, stærstu íþróttasamtök í heimi starfandi í 190 löndum

Sameinuðu þjóðirnar kunngerir að SO sé eitt helsta afl til breytinga í heiminum (Global Force for Change)

15.000 keppendur alls staðar úr heiminum æfa fyrir vetrarleika SO í Chile (World Winter Game)

SO kemst á lista yfir 10 best þekktu vörumerkin í heiminum

SO vinnur til friðarverðlauna Nóbels

10 milljón stuðningsmenn. 100 milljón stuðningsmenn. 1 milljarður stuðningsmanna

Hann benti þó á að þetta geti verið draumsýnir einar en með því að setja markið hátt er aldrei að vita hvað geti gerst og að við værum hér á þessari ráðstefnu með það að markmiði.

Því næst kom að kynningu á stefnumótun SO (Strategic plan - sjá í meðfylgjandi skjali). Öllum ráðstefnugestum var gert að velja sér viðfangsefni til umræðu. Umræðuefnin (track session – sjá í meðfylgjandi skjali) voru:

- Advance Sports & Competitions*
- Build Communities
- Connect Fans & Funds
- Define Movement Leadership & Establish Sustainable Capabilities
- Establish Values that Define our Culture
- Leverage Games*



* viðfangsefni sem undirritaður tók þátt í.

Haldið var í vinnuhópa og hvert viðfangsefni stefnumótunarinnar krufið til mergjar í 100 manna hópum og skildi hver hópur skiptast á 10 borð. Þessi vinna var að mörgu leyti bæði áhugaverð og skemmtileg en þó kom í ljós mikill ljóður á skipulagi því gleymst hafði að skipta ráðstefnugestum niður eftir tungumálasvæðum. Til að mynda voru á mínu borði 10 einstaklingar frá 10 löndum þar sem helmingur hópsins skildi ekki ensku. Upphófst mikil rekistefna hvernig best væri að leysa málið þannig að raddir allra heyrðust. Varð úr að færa einstaklinga á milli borða. Við tók um klukkustunda umræður og átti hver hópur að velta fyrir sér og svara 3-4 spurningum. Vinnunni lauk síðan með því að fulltrúi hvers hóps flutti niðurstöður hópsins. Það vakti athygli mína hvað rödd keppenda kom sterkt fram í þessum umræðum og oftast en ekki fluttu þau niðurstöður sinna hópa og gerðu það með mikilli þrýði. Stefnumótunarteymi SOI mun svo vinna úr þeim tillögum sem til urðu í hópunum og birta fullunna stefnumótun fyrir samtökin innan tíðar.

Á ráðstefnunni voru næstu alheimsleikar kynntir. Fyrst fengum við kynningu á næstu vetrarleikum sem haldnir verða í Suður Kóreu 2013. Má búast við stórkostlegum leikum af kynningunni að dæma enda er SO í mikilli sókn í landinu. Síðar fengum við kynningu á sumarleikunum í Aþenu sem haldnir verða í júní 2011. Grikkir eru á fullu í sínum undirbúningi og allur undirbúningur á góðu róli þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. EU kemur til með að styrkja leikana á með myndarlegu fjárframlagi.

Í lokaræðu Tim Shriver ríkti mikil bjartsýni til handa SO og mikil ánægja með ráðstefnuna. Tim á einstaklega auðvelt með að tala baráttuanda í brjóst manna og fylla þátttakendur bjartsýni, en sitt sýndist hverjum er hann gerði það að tillögu sinni að fela þátttakendum SO aukna ábyrgð í fjáröflun til handa samtökunum. Spurningin er hvort þeir geri það ekki hvort sem er með þátttöku sinni í leikum SO – hvað annað ætti svo sem verið að selja?

Undirritaður er í flesta staði ánægður með þessa ráðstefnu og ekki hvað síst hversu ómetanlegt það er að fá tækifæri til að tala við fulltrúa hinna ólíku þjóða hvort sem þeir eigi eitthvað sameiginlegt með okkur eður ei.

Jóhann Arnarson